



SKN-10	Menntaskólinn í Kópavogi		
Útgáfa: 01			
Dags.: 2019			
Höfundur: MLF			Fundargerð Skólanefndar # 10
Samþykkt: MF			
Síða 1 af 2			
	8. maí 2019		

Mættir:	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lillý Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, María Guðjónsdóttir, Guðmundur Birkir Þorkelsson, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Helgi Kristjánsson aðstoðarskólameistari.
Forfallaðir:	Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi nemenda.
Staður:	Fundarherbergi N-101
Tími:	Kl. 12:00-13:00 Dags.: 8. maí 2019

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Flosi formaður skólanefndar, setur fundinn kl. 12:06 og býður fundarmeðlimi velkomna. Afreksíþróttabraut við MK Margrét sagði frá nýrri námsbraut sem skólinn mun bjóða uppá frá og með haustönn 2019 sem ber heitið Afreksíþróttasvið MK. Í nokkur ár hefur nemendum staðið til boða að stunda nám í svokallaðri Akademíu þar sem nemendur í afreksíþróttum hafa geta fengið tilslökun við mætingu til að geta mætt á æfingar auk þess að fá íþróttaiðkun metna til eininga. Aukinn samstarfsvilji hjá íþróttafélögum hefur hins vegar leitt til mótnar afreksíþróttabrautar. Helgi segir í stuttu máli frá því út á hvað brautin gengur. Uppbygging brautarinnar byggir á fordæmi íþróttabrautar Borgarholtsskóla og hefur Daði Rafnsson verið ráðinn fagstjóri brautarinnar.	FE MF og HE	20 sek. 20 mín.
2.	Skólagjöld haustannar 2019	MF	5 mín.
	Margrét dreifir tillögu að skólagjöldum fyrir haustönn 2019. Eins og sjá má af tillögunni hafa 500 kr. bæst við hjá bóknámsnemum vegna leyfisgjalda s.s. tölvuforrita. Einnig hafa skólagjöld hækkað um 1.000 kr hjá verknámsnemum m.a. vegna fatnaðs sem skólinn útvegar og leyfisgjalda. Leiðsöguskólinn hækkar um 5.000 kr á önn fyrst og fremst vegna rútukostnaðar á meðan gjöldin haldast óbreytt hjá ferðamálastólum. Enn fremur lækka gjöld vegna endurtektarprófa í ferðamálastólum þar sem hægt er að		

SKN-10	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2019		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		
Fundargerð Skólanefndar # 10		
8. maí 2019		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>samnýta endurtektapróf af öðrum deildum. Nýtt Afreksíþróttasvið kemur til með að hafa hæstu skólagjöldin sökum þess að skólinn útvegar nemendum þess einkennisfatnað og leggst sá kostnaður við gjöldin.</p> <p>Formaður leggur tillöguna til samþykktar og tillagan er samþykkt einhliða.</p>		
3.	Ný heimasíða	ÍÓ	10 mín.
	<p>Íris Mjöll Ólafsdóttir tölvuumsjónarmaður MK er búin að vinna frá áramótum í því að setja upp nýja heimasíðu fyrir MK. Heimasíðu formið kemur frá fyrirtækinu Stefna. Íris sýnir fundarmönnum síðuna. Nýja heimasíðan verður tekin í notkun í vikunni.</p>		
4.	Önnur mál	MF og FE	23 mín.
	<p>a) Útskriftir</p> <p>Margrét fer yfir hvaða brautir útskrifa og hvenær og býður skólanefndarmönnum að vera viðstaddir útskriftarathafnirnar.</p> <p>b) Ráðning skólameistara</p> <p>Umsóknarfrestur um stöðu skólameistara rann út 30. apríl síðastliðinn. Formaður skólanefndar mun óska eftir gögnum um umsækjendur frá Menntamálaráðuneytinu og tímaáætlun hvenær ráðuneytið sér fram á að ráðningarferlinu ljúki.</p>		
5.	Fundi slitið: Formaður sleit fundi kl.13:02		2 mín.

Fundarritari: Magnea L. Friðgeirsdóttir